

**Kristján Karl Bragason** (f. 1982) hóf píanónám hjá Lydiu Koloszowska í Tónlistarskólanum á Dalvík og nam síðar hjá prófessor Marek Podhajski við Tónlistarskólann á Akureyri. Að námi þar loknu 2002, lærði hann hjá Halldóri Haraldssyni við Tónlistarskólann í Reykjavík. Sumarið 2005 var Kristján Erasmus-skiptinemi við Staatliche Hochschule für Musik í Stuttgart hjá prófessor Shoshana Rudiakov. Þá lærði hann í fjögur ár í Frakklandi, við CNR de Versailles og CRR de Rueil-Malmaison. Kristján hóf haustið 2009 mastersnám við Tónlistarháskólann í Utrecht í Hollandi hjá Katia Veekmans-Cieszkowski. Árið 2000 hlaut hann fyrstu verðlaun í framhaldsflokki í fyrstu píanókeppni Íslandsdeildar EPTA. Haustið 2008 flutti hann ásamt Sinfóníuhljómsveit unga fólksins píanókoncert nr. 1 eftir Brahms og í mars sl. hélt hann einleikstónleika í TÍBRÁ í Salnum í Kópavogi.

**Hafdís Vigfúsdóttir** (f. 1984) hóf ung nám við Tónlistarskóla Kópavogs og lauk þaðan burtfararprófi í flautuleik 17 ára gömul. BMus gráðu lauk hún þremur árum síðar frá Listaháskóla Íslands. Hennar aðalkennarar á Íslandi voru Guðrún Birgisdóttir og Martial Nardeau. Þá hélt hún utan og fékk veitta inngöngu í skóla bæði á Ítalíu og í Frakklandi. Hún lærði um þriggja ára skeið hjá hinum virta franska flautuleikara Philippe Pierlot í CRR de Rueil-Malmaison og lauk þaðan prófi með einróma fyrstu einkunn vorið 2009. Nú í vor lauk hún sinni annarri BMus gráðu frá Konunglega Konservatoríinu í Haag, þar sem hún lærði hjá Juliette Hurel. Hafdís hefur komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands í kjölfar einleikarakeppni þar að lútandi og hafnaði í apríl sl. í öðru sæti í alþjóðlegri flautukeppni, Le Parnasse, í París.

**Grímur Helgason** (f. 1984) hefur spilað á klarinett frá átta ára aldri. Fyrstu kennarar hans voru Óskar Ingólfsson, Oddur Hendse og Gunnar Kristmannsson. Síðar lá leiðin í Tónlistarskólann í Reykjavík þar sem Sigurður I. Snorrason kenndi honum. Árið 2004 hóf Grímur nám hjá Einari Jóhannessyni við Listaháskóla Íslands og útskrifaðist þaðan vorið 2007. Sama ár lék hann einleik í klarinettukonsert op. 31 eftir Gerald Finzi með Sinfóníuhljómsveit Íslands og hlaut um haustið styrk úr styrktarsjóði Halldórs Hansen. Grímur stundar nú mastersnám við Con-servatorium van Amsterdam hjá Hans Colbers. Grímur hefur á undanförunum árum leikið með margs konar tónlistarhópum og er m.a. einn stofnfélaga Kammersveitarinnar Ísafoldar.

**Björk Nielsdóttir** (f. 1986) var ung að árum þegar hún hóf trompetnám við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Þegar hún var 16 ára hóf hún söngnám hjá dr. Þórunni Guðmundsdóttur við sama skóla og útskrifaðist þaðan árið 2007. Á námsárum sínum í Hafnarfirði söng Björk hlutverk Grétu í uppfærslu skólans á Hans og Grétu eftir Engelbert Humperdinck. Árið 2005 lék hún á trompet í uppfærslu á Systrum eftir Chekov í Nemendaleikhúsinu. Frá 2007 til 2008 tók hún þátt í Volta, tónleikaferð Bjarkar Guðmundsdóttur, þar sem hún lék á trompet. Nú stundar hún söngnám hjá Valerie Guillorit við Conservatorium van Amsterdam.

**Hugi Jónsson** (f. 1979) nam túbuleik og spilaði með Skólahljómsveit Mosfellsbæjar frá tíu ára aldri framyfir tvítugt. Að loknu stúdentsprófi nam hann söng hjá Bergþóri Pálssyni við Söngskólann í Reykjavík og síðar hjá Alinu Dubik í Nýja tónlistarskólanum þaðan sem hann lauk burtfararprófi árið 2007. Hann stundar nú mastersnám í klassískum söng við Tónlistarháskólann í Utrecht í Hollandi undir leiðsögn Jóns Þorsteinssonar og hefur lokið fyrra ári af tveimur. Hugi hefur komið fram með ýmsum kórum bæði innlendum og í Hollandi og m.a. sungið hlutverk í uppfærslu Óperustúdíós Íslensku óperunnar og í óperunni Gretti, framlagi Þorkels Sigurbjörnssonar til Hátíðar ungs tónlistarfólks í Bayreut í Þýskalandi 2006. Þá hefur hann komið fram sem einsöngvari, t.d. með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna.

**Gróa Margrét Valdimarsdóttir** (f. 1982) lærði ung á fiðlu við Tónlistarskóla Kópavogs og síðar við Tónlistarskólann í Reykjavík. Þá nam hún við Listaháskóla Íslands hjá Auði Hafsteinsdóttur og lauk þaðan BMus prófi í fiðluleik vorið 2006. Þú hélt hún utan til náms og lauk MMus próf frá University of Illinois þar sem Sigurbjörn Bernharðsson var hennar aðalkennari. Nú stundar hún

diplomanám hjá Anton Miller við University of Hartford.

**Júlía Mogensen** (f. 1985) hóf ung að læra á selló við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar. Hún lauk BMus prófi frá Listaháskóla Íslands vorið 2006 undir handleiðslu Gunnars Kvaran. Þá hélt hún til Lundúna í Guildhall School of Music and Drama í eins árs framhaldsnám þar sem aðalkennari hennar var Oleg Kogan. Júlía hefur verið lausráðin hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands frá árinu 2004 og hefur einnig komið fram með hljómsveitinni sem „ungur einleikari“. Haustið 2009 hóf hún einkanáms hjá Claudio Bohórquez í Berlín og býr þar og starfar.

**Sólborg Valdimarsdóttir** (f. 1987) hóf tónlistarnám sex ára gömul við Tónmenntaskóla Reykjavíkur, en átta ára gömul hóf hún píanónám hjá Málfríði Konráðsdóttur. Á árunum 2001-2002 lærði Sólborg í Tónlistarskólanum í Garðabæ undir handleiðslu Ólafs Elíassonar, en nam síðan um fjögurra ára skeið við Tónlistarskólann í Reykjavík þar sem Peter Máté var hennar aðalkennari. Haustið 2006 hóf hún nám við Listaháskóla Íslands, áfram með Peter Máté sem aðalkennara, og lauk þaðan BMus prófi í píanóleik vorið 2009. Síðastliðið haust hóf hún mastersnám í píanóleik við Det Jyske Musik-konservatorium í Árósum.

**Eyjólfur Eyjólfsson** (f. 1979) lauk burtfararprófi í flautu-leik og söng frá Tónlistarskóla Hafnarfjarðar vorið 2002. Hann lauk MMus prófi og Post-graduate Diploma í söng frá Guildhall School of Music and Drama í Lundúnum eftir þriggja ára framhaldsnám. Eyjólfur hefur sungið með nafntoguðum hljómsveitum og píanóleikurum hér heima og erlendis, t.d. Sinfóníuhljómsveit Íslands og Konunglegu sinfóníuhljómsveitinni í Sevilla þar sem hann söng tenór-hlutverkið í óratoríunni Messías eftir Händel í Maestranza óperuhúsinu. Þá flutti hann ljóðaflokkinn *Malarastúlkuna fögru* eftir Schubert á tónlistarhátínni Islande-Provence í Esparron de Verdon ásamt píanóleikaranum Dalton Baldwin og ljóðatónleika í Tónleikasal Gnessin Tónlistarakademíunnar í Moskvu þar sem Eugene Asti var meðleikari hans. Eyjólfur hefur sungið við Íslensku óperuna sem og á óperusviðum erlendis, m.a. Sjómanninn í *Dídó og Eneas* hjá Opera North í Leeds, II. hermann og Liberto í *Krýningu Poppeu* hjá English National Opera í Lundúnum og Don Ottavio í *Don Giovanni* hjá English Touring Opera.

**Bragi Bergþórsson** (f. 1981) hóf ungur tónlistarnám á fiðlu og píanó en hóf söngnám árið 2002 í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Árið 2004 hélt hann til Lundúna þar sem hann stundaði meistaranám við Guildhall School of Music & Drama og lauk einnig tveggja ára námi við Óperudeild skólans 2007. Hann hefur tekið þátt í ýmsum masterklössum, m.a. hjá Kristjáni Jóhannssyni, sir Thomas Allen, Elly Ameling og Dalton Baldwin. Bragi hefur komið fram í ýmsum óperuuppfærslum, s.s. í frumflutningi á Gretti, óperu Þorkels Sigurbjörnssonar; á Íslandi, Þýskalandi og Kanada. Þá hefur hann farið með hlutverk Flámand í Capriccio (Strauss), Basilio og Don Curzio í Brúðkaupi Fígarós (Mozart), Tinca í Il Tabarro (Puccini) og einnig hjá Íslensku Óperunni sem Dansameistarinn í Ariadne auf Naxos (Strauss) og nú síðast sem Gastone í La Traviata (Verdi). Bragi tók í apríl sl. þátt í flutningi á Sinfóníu nr. 4 eftir Alfred Schnittke í Hallgrímskirkju með Schola Cantorum og Kammersveitinni Ísafold á Kirkjulistahátíð.